



**Skýrsla um banaslys í umferðinni**  
**Norðausturvegur við Kvistás 28.9.2013**  
Málsnr. 2013-U018



*Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.*

## Norðausturvegur við Kvistás 28.9.2013

### Útafakstur

Látinn 33 ára karlmaður

### Samantekt

Ökumaður fólksbifreiðar á leið austur Norðausturveg ók útaf veginum og endastakkst bifreiðin. Ökumaður kastaðist út úr bílnum en hann notaði ekki bílbelti. Hann hlaut mikla höfuð- og hálsáverka við slysið. Við rannsókn kom fram að ökumaður var verulega ölvaður og telur nefndin sennilegt að ölvunarástand hafi valdið slysinu. Of mörg dæmi eru um slys af þessum toga og brýnt að allir taki afstöðu gegn ölvunarakstri. Rannsóknarnefnd samgönguslysa telur sennilegt að ökumaður hefði lifað slys af hefði hann notað bílbelti.

### Aðstæður

**Veður og birta:** Myrkur, 3-5 m/sek, rigning og blautur vegur.

### Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst.  
76 ökutæki að meðaltali á dag (ÁDU).

### Tími sólahrings:

Um miðnætti. Ekki vitað með vissu.

### Ökutæki:

Toyota Hilux

*Rannsóknarnefnd umferðarslysa  
Húsi Flugbjörgunarveitarinnar  
Flugvallavegi  
101 Reykjavík*

*Heimasíða:  
[www.rnu.is](http://www.rnu.is)*

*Tölvupóstfang:  
[rnu@rnu.is](mailto:rnu@rnu.is)*

## Lýsing á slysi

Slysið var tilkynnt lögreglu að morgni 28.9. 2013 þegar vegfarandi kom að bifreið og látnum manni sem lá fyrir utan hana. Ekki er vitað með vissu hvenær slysið gerðist en talið er að það hafi orðið um miðnætti og ökumaður verið á leið frá Húsavík að heimili sínu í Kelduhverfi.

Slysið hefur sennilega atvikast þannig að ökumaður ók útaf, niður vegfláa og voru főr í grasi og gróðri til merkis um það. Engin főr voru uppá veginum sjálfum eftir útafaksturinn. Svo virðist sem ökumaður hafi hvorki hemlað né reynt að beygja bílnum aftur uppá veginn. Þar sem slysið varð er nokkur hæðarmunur í landslaginu utan vegar og főr bifreiðin niður í slakka og svo uppúr honum aftur (eftir 24m), á lofti yfir girðingu en skall svo harkalega á hægri framenda á túni hinum megin við girðinguna. Bifreiðin fór 54 metra frá útafakstursstað. Ökumaður kastastaðist út úr bílnum en hann notaði ekki bílbelti. Hann hlaut mikla höfuð- og hálsáverka við slysið. Afmyndun á öikumansrými var ekki það mikil að rannsóknarnefndin telur sennilegt að ökumaður hefði lifað slysið af hefði hann notað bílbelti.



**Horft austur Norðausturveg í akstursátt öikumans. Főr eru í grasi utan vegar eftir hjólbarða bifreiðarinnar.**



**Bifreiðin hafnaði á túni þar sem hún endastakkst og valt. Főr í grasinu eru eftir framenda bifreiðarinnar þar sem hún stakkst niður.**

Á slysstað er Norðausturvegur beinn og liggur í austur/vestur. Engin eiginleg vegöxl er þar sem slysið varð né yfirborðsmerkingar í köntum. Brotin lína sker akreinar úr gagnstæðum áttum sem eru 2,6-2,7 metrar á breidd hvor. Flái við veginn er brattur og umhverfi hæðótt. Hámarkshraði á veginum er 90 km/klst. Um miðnætti 27-28. sept. voru akstursaðstæður á Norðausturvegi í Kelduhverfi ágætar. Vegurinn var blautur en ekki háll. Undir morgun hafði hins vegar snjóað og sennilega var hálka á veginum þá.

Bifreiðin var af gerðinni Toyota Hilux. Hún var búin millislitnum nagladekkjum en flestir naglar voru farnir úr dekkjunum. Bílbelti bifreiðarinnar voru í lagi en voru ekki notuð af ökumanni. Aðalskoðun bifreiðarinnar var útrunnin en rannsókn leiddi í ljós að orsakir slyssins er ekki rekja til ástands hennar.

Áfengis- og lyfjamæling ökumanns leiddi í ljós að hann var ölvaður, með áfengismagn 1,99 prómill í blóði.

## Orsakagreining

- Ökumaður ók ölvaður.
- Ökumaður notaði ekki bílbelti.

## Ábendingar

### Vegna ölvunaraksturs og bílbeltaleysis

Undanfarin ár hefur akstur undir áhrifum vímuefna verið ein helsta orsök banaslysa í umferðinni ásamt því að bílbelti er ekki notað. Ökumenn, sem setjast ölvaðir undir stýri, skapa öðrum og sjálfum sér mikla hættu. Mörg dæmi eru um slys af þessum toga þar sem akstur eftir áfengisdrykkju endar með umferðarslysi og brýnt er að allir séu á varðbergi gagnvart þessari hættu. Þá notaði ökumaður í slysinu sem hér um ræðir ekki bílbelti og kastaðist út úr bifreiðinni. Telur nefndin sennilegt að ökumaður hefði lifað slysið af hefði hann notað bílbelti.

**Skýrslan var samþykkt af :**

**Geirþrúður Alfreðsdóttir, formaður**  
**Ásdís J. Rafnar, nefndarmaður**  
**Brynjólfur Mogensen, nefndarmaður**